„Bygging sögunnar er gífurlega snjöll. Spennan og undirliggjandi ógnin vex stöðugt á meðan lesandi nagar neglurnar upp í kviku.“

AFTONBLADET

Karlmaður finnst myrtur og hrottalega útleikinn í búningsklefa íþróttahúss í úthverfi Stokkhólms. Skömmu síðar kemur í ljós að kona hans og dóttir hafa verið myrtar af sama hömluleysi. En sonurinn í fjölskyldunni lifir, helsærður. Joona Linna lögregluforingi hefur samband við Erik Maria Bark lækni og fær hann til að dáleiða drenginn til þess að segja frá því sem gerðist. En þar með brýtur læknirinn það loforð sitt að dáleiða aldrei framar og um leið fer af stað hrikaleg og ófyrirséð atburðarás.

Dávaldurinn eftir Lars Kepler er ein umtalaðasta og mest selda spennusaga sem út hefur komið á Norðurlöndum á síðustu árum og hefur útgáfuréttur inn verið seldur til 34 landa. Hún er í senn sálfræðilegur tryllir og hrollvekjandi glæpasaga sem heldur lesandanum í heljargreipum frá fyrstu blaðsíðu.

Jón Daníelsson þýddi.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Eins og eldur, alveg eins og eldur. Þetta voru fyrstu orðin sem drengurinn sagði í dáleiðslunni. Þrátt fyrir lífshættulega áverka – hundruð skurð- og stungusára í andliti, á fótum, bol, baki, neðan á fótum, á hálsi og hnakka – hafði verið ákveðið að dáleiða hann í von um að öðlast vitneskju um það sem gerst hafði með því að láta hann lýsa því sem hann hafði séð.

– Ég reyni að depla augunum, umlaði hann. Ég fer fram í eldhús, en þetta á ekki að vera svona. Það heyrist brak milli stólanna og rauður eldur dreifist út um allt gólf.

Lögreglumaðurinn sem kom að honum ásamt líkunum í ráðhúsinu hélt að hann væri látinn. Pilturinn hafði misst mikið blóð, fengið lost og ekki komist til meðvitundar fyrr en sjö klukkutímum síðar.

Hann var sá eini sem lifað hafði af og Joona Linna yfirrannsóknarfulltrúi taldi líklegt að hann gæti lýst morðingjanum. Sá sem var þarna að verki hafði ætlað sér að drepa alla og því ólíklegt að hann hefði haft fyrir því að dylja andlit sitt.

En ef allar aðstæður hefðu ekki verið svona ótrúlega sérstakar hefði enginn látið sér detta í hug að leita til dávalds.

Í gríska goðafræði er guðinn Hypnos vængjaður drengur sem ber valmúafrækorn í hendi sér. Nafn hans merkir svefn. Hann er tvíburabróðir dauðans og sonur næturinnar og myrkursins.

Það var skoski skurðlæknirinn James Braid sem árið 1843 notaði fyrstur orðið hypnos í nútímamerkingunni – dáleiðsla – og þá til að lýsa ástandi sem líkist svefni en gerir þann sem í ástandinu er engu að síður bæði eftirtektarsaman og mjög móttækilegan.

Nú er vísindalega sannað að unnt er að dáleiða næstum allt fólk, en skoðanir eru þó mjög skiptar um notagildi, áreiðanleika og áhættu. Að líkindum stafar þetta af því að svikahrappar, skemmtikraftar og njósnarar víða um heim hafa hagnýtt sér dáleiðslu.

Það er í sjálfu sér auðvelt að koma fólki í dáleiðsluástand. Hitt er erfiðara að hafa full tök á framvindunni, leiðbeina skjólstæðingnum, greina niðurstöðurnar og vinna úr þeim. Til að hafa tök á djúpri dáleiðslu þarf bæði mikla reynslu og hæfni. Í heiminum öllum eru ekki nema fáeinir fullhæfir dávaldar með læknismenntun.

1

Aðfaranótt 8. desember

Erik Maria Bark hrekkur upp af draumi þegar síminn hringir. Áður en hann er fyllilega vaknaður, heyrir hann sjálfan sig segja glaðlega:

– Blöðrur og pappírsræmur.

Hjartað slær hratt vegna þess hve snöggt hann var vakinn. Erik hefur ekki hugmynd um hvað hann átti við með þessum orðum, hefur ekki hugmynd um hvað hann var að dreyma.

Til að vekja ekki Simone læðist hann fram úr svefnherberginu og lokar dyrunum áður en hann svarar.

– Já. Erik Maria Bark.

Yfirrannsóknarfulltrúi hjá lögreglunni, Joona Linna að nafni, spyr hvort hann sé nógu vel vaknaður til að meðtaka mikilvægar upplýsingar. Hugsanirnar halda áfram að falla niður í myrkt tómið sem draumurinn skildi eftir sig meðan hann hlustar á yfirfulltrúann.

– Mér er sagt að þú sért fær í meðhöndlun sjúklinga með bráða áfallastreitu, segir Joona Linna.

– Já, svarar Erik stuttlega.

Hann tekur verkjatöflu meðan hann hlustar á frásögnina. Yfirfulltrúinn útskýrir að hann þurfi að yfirheyra vitni, 15 ára pilt sem hafi orðið vitni að tveimur morðum. Gallinn er sá að pilturinn er alvarlega særður. Ástand hans er óstöðugt, hann er í losti og meðvitundarlaus. Hann var í nótt fluttur af taugadeildinni á

Huddinge á taugaskurðlækningadeildina á Karólínska háskólasjúkrahúsinu í Solna.

– Hver er vakthafandi læknir? spyr Erik.

– Daniella Richards.

– Hún er mjög fær og ég er viss um að hún getur …

– Það var hún sem vildi að ég hringdi í þig, grípur yfirfulltrúinn fram í. Hún þarf þig til að hjálpa sér og mér skilst að það liggi á.

Erik snýr aftur inn í svefnherbergið til að sækja fötin sín. Mjó ljósræma frá ljósastaur fellur inn milli gluggatjaldanna. Simone liggur á bakinu og horfir á hann undarlega tómu augnaráði.

– Ég ætlaði ekki að vekja þig, segir hann lágum rómi.

– Hver var þetta? spyr hún.

– Lögreglan … einhver rannsóknarfulltrúi, ég náði ekki nafninu.

– Hvað gerðist?

– Ég þarf út á Karólínska, svarar hann. Þau þurfa hjálp með einhvern strák.

– Hvað er klukkan eiginlega?

Hún lítur á vekjaraklukkuna og lokar augunum. Hann sér að fellingarnar í lakinu hafa greypt línur í freknóttar axlirnar.

– Sofðu nú, Sissa, hvíslar hann.

Erik fer með fötin sín fram á gang, kveikir loftljósið og klæðir sig í flýti. Það blikar á glansandi stál fyrir aftan hann. Hann snýr sér við og sér að sonur hans hefur hengt skautana sína á hurðarhúninn á útidyrunum til að gleyma þeim ekki. Þótt honum liggi á fer hann að skápnum, dregur fram kassann og finnur skautahlífarnar. Hann rennir þeim upp á hvöss skautablöðin og leggur skautana á dyramottuna áður en hann yfirgefur íbúðina.

Klukkan er þrjú aðfaranótt þriðjudagsins 8. desember þegar Erik Maria Bark sest inn í bílinn. Snjóflyksur svífa hægt til jarðar. Það er blankalogn og snjóflyksurnar gætu sem best verið að leggjast til svefns þegar þær ná niður á malbikið. Hann snýr lyklinum í kveikjulásnum og músíkin bylgjast út í loftið: Miles Davis *Kind of Blue*.

Hann keyrir þessa stuttu leið gegnum sofandi borgina, frá Luntmakar-götu, eftir Svea-veginum til Norrtull. Brunnsvíkina skynjar hann sem stóran, myrkan flekk á bak við snjókomuna. Hann fer hægt inn á sjúkrahússvæðið, milli undirmannaða sjúkrahússins sem kennt er við Astrid Lindgren og fæðingardeildarinnar, fram hjá geislameðferðarálmunni og geðdeildinni, leggur bílnum í sitt venjulega stæði fyrir utan taugaskurðdeildina og stígur út. Skinið frá ljósastaurunum endurspeglast í gluggum þessarar háreistu byggingar. Örfáir bílar eru á gestastæðinu. Svartþrestir á flugi kringum trén. Erik tekur eftir að frá hraðbrautinni heyrist enginn umferðardynur núna.

Hann stingur kennispjaldinu í raufina, slær inn sex talna kóðann og gengur inn í anddyrið, tekur lyftuna upp á fimmtu hæð og gengur eftir ganginum. Ljósarörin í loftinu varpa skini á blátt plastteppið svo að það minnir á lagnaðarís. Það er fyrst núna sem hann verður var við þreytuna eftir skyndilega spennuna. Svefninn hafði verið svo velkominn og skilur enn eftir sig notalega tilfinningu. Hann gengur fram hjá skurðstofu, heldur áfram fram hjá dyrunum að stóra jafnþrýstiklefanum, heilsar hjúkrunarfræðingi og hugsar enn einu sinni um það sem yfirrannsóknarfulltrúinn sagði honum í símann: Ungur piltur með blæðandi sár, skurðsár um allan líkamann, svitnar, vill ekki liggja kyrr, órólegur og mjög þyrstur. Tilraun gerð til að tala við hann en ástandið versnar

skyndilega. Meðvitundin dvínar og hjartslátturinn verður óreglulegur og yfirlæknir á vakt, Daniella Richards, tekur þá hárréttu ákvörðun að hleypa rannsóknarlöggunni ekki inn til sjúklingsins.

Tveir einkennisbúnir lögreglumenn standa utan við dyrnar að deild N18. Erik finnst eins og kvíðasvipur færist yfir andlit þeirra þegar hann nálgast. Kannski eru þeir bara þreyttir, hugsar hann þegar hann nemur staðar og sýnir þeim skilríki sín. Þeir líta örstutt á þau og ýta síðan á hnappinn sem opnar dyrnar.

Erik gengur inn, tekur í höndina á Daniellu Richards og tekur eftir spennudráttum kringum munninn og bældri streitu í hreyfingum hennar.

– Fáðu þér kaffi, segir hún.

– Er tími til þess? spyr Erik.

– Ég er búin að ná stjórn á blæðingunni í lifrinni, svarar hún.

Maður sem virðist um fjörutíu og fimm ára, klæddur í gallabuxur og svartan jakka, stendur og bankar fingrum á kaffivélina. Hárið er ljóst og úfið, varirnar samanbitnar og alvörusvipur á andlitinu. Erik dettur í hug að þetta sé Magnus, eiginmaður Daniellu. Þeir hafa aldrei hist. Erik hefur bara séð myndina á skrifstofu hennar.

– Er þetta maðurinn þinn? spyr hann og snýr höfðinu í átt til mannsins.

– Ha?

Hún verður hissa á svipinn, en virðist vera skemmt um leið.

– Mér datt í hug hvort Magnus hefði komið með þér.

– Nei, svarar hún og hlær.

– Ertu viss? Ég get spurt hann sjálfan, segir hann og brosir líka.

Farsími Daniellu hringir og hún opnar hann hlæjandi.

– Láttu ekki svona, Erik, segir hún áður en hún ber símann upp að eyranu og svarar. Já, Daniella.

Hún hlustar, en heyrir ekkert.

– Halló?

Hún bíður fáeinar sekúndur en lýkur svo símtalinu með havaísku kveðjunni „aloha“ í hæðnistón og fylgir á hæla Eriks.

Hann hefur gengið beint til ljóshærða mannsins. Það suðar í kaffisjálfsalanum.

– Fáðu þér kaffi, segir maðurinn og réttir Erik kaffibolla.

– Nei, takk.

Maðurinn smakkar sjálfur á kaffinu og brosir. Litlir spékoppar birtast í kinnunum.

– Gott kaffi, segir og hann réttir bollann aftur til Eriks.

– Ég vil ekkert.

Maðurinn fær sér annan sopa og horfir á Erik.

– Má ég fá lánaðan símann þinn? spyr hann skyndilega. Ég gleymdi mínum í bílnum.

– Og nú viltu fá símann minn? spyr Erik hálfargur.

Ljóshærði maðurinn kinkar kolli og horfir á hann augum sem eru grá eins og granít.

– Þú getur fengið minn aftur, segir Daniella.

– Takk.

– Ekkert að þakka.

Ljóshærði maðurinn tekur við símanum, lítur á hann og svo í augu Daniellu.

– Ég lofa að skila honum, segir maðurinn.

– Það notar hann hvort eð er enginn nema þú, segir hún í hálfkæringi.

Hann hlær og færir sig fjær þeim.

– Þetta hlýtur að vera maðurinn þinn, segir Erik.

Hún hristir höfuðið brosandi, en verður svo allt í einu þreytuleg á svip. Hún hefur nuddað augun og dregið gráa augnblýantslínu út á kinnina.

– Á ég að líta á sjúklinginn? spyr Erik.

– Endilega, svarar hún og kinkar kolli.

– Fyrst ég er kominn á annað borð, flýtir hann sér að bæta við.

– Erik, ég vil endilega fá að heyra þitt álit. Ég er dálítið óviss.

Hún opnar dyrnar. Þung hurðin hreyfist hljóðlega frá stöfum og hann fylgir henni inn í hlýja herbergið við hliðina á skurðstofunni. Grannvaxinn unglingur liggur í rúminu. Tveir hjúkrunarfræðingar eru að búa um sárin. Ótal skurðir og stungusár eru um allan líkamann. Á iljunum, bringu og maga, á hálsinum, ofan á höfðinu og á höndunum.

Púlsinn er veikburða en mjög hraður. Varirnar gráleitar, hann er kófsveittur og augun klemmd aftur. Nefið virðist brotið. Blæðing teygir sig eins og óljóst ský undir húðinni frá hálsi niður yfir bringuna.

Þrátt fyrir sárin sér Erik að pilturinn er fríður sýnum.

Daniella skýrir lágmælt fyrir honum þróun mála, hvernig gildin hafi breyst, en þagnar skyndilega þegar barið er á dyrnar. Það er ljóshærði maðurinn aftur. Hann vinkar þeim í gegnum rúðuna í hurðinni.

Erik og Daniella líta hvort á annað og fara svo aftur fram. Sá ljóshærði stendur við hvæsandi kaffisjálfsalann.

– Stór cappuccino, segir hann við Erik. Þér veitir ekki af áður en þú talar við lögreglumanninn sem fann drenginn.

Nú fyrst áttar Erik sig á því að þetta er yfirrannsóknarfulltrú-

inn sem vakti hann fyrir tæpum klukkutíma. Finnski hreimurinn var ekki jafn áberandi í símanum, eða kannski hafði Erik bara verið of þreyttur til að taka eftir honum.

– Af hverju ætti ég að vilja tala við lögreglumanninn sem fann drenginn? spyr Erik.

– Til að skilja hvers vegna ég verð að fá að yfirheyra …

Joona þagnar þegar sími Daniellu hringir. Hann tekur símann upp úr vasa sínum, lætur sem hann sjái ekki framrétta hönd hennar og lítur á skjáinn.

– Þetta er örugglega til mín, segir Joona og svarar: Já … Nei, ég vil hafa hann hér. Ókei, en ég gef skít í það.

Yfirfulltrúinn brosir þegar hann hlustar á andmæli félaga síns.

– En ég hef reyndar komið auga á eitt, svarar Joona.

Röddin á hinum endanum er orðin hávær.

– Ég geri þetta á minn hátt, segir Joona rólega og lýkur samtalinu.

Hann réttir Daniellu símann aftur og þakkar lágværum rómi fyrir lánið.

– Ég verð að fá að yfirheyra sjúklinginn, segir hann með alvörusvip.

– Því miður, svarar Erik. Mitt mat er hið sama og dr. Richards.

– Hvenær verður hann fær um að tala við mig?

– Ekki meðan hann er enn í losti.

– Ég þóttist vita að það yrði svarið, segir Joona lágt.

– Ástandið er enn mjög tvísýnt, útskýrir Daniella. Annað lungað er skaddað, þarmarnir, lifrin og …

Maður í óhreinum lögreglubúningi kemur inn. Augnaráðið er órólegt. Joona fer og tekur í hönd hans. Hann segir eitthvað lágri röddu. Lögreglumaðurinn strýkur sér yfir munninn og lítur svo á

læknana. Yfirfulltrúinn segir honum að þetta sé allt í lagi, þau þurfi að fá að vita um aðstæður, það geti komið þeim að miklu gagni.

– Já, sem sagt, segir lögregluþjónninn og ræskir sig lágt. Okkur er tilkynnt í talstöðinni að ræstingamaður hafi fundið látinn mann á klósetti í íþróttahúsinu í Tumba. Við erum staddir á Huddingevegi og þurfum ekki annað en að beygja inn á Dalveg og svo í átt að vatninu. Janne, félagi minn, fer inn, en ég fer að tala við ræstingamanninn. Fyrst héldum við að þetta væri einhver sem hefði tekið of stóran skammt, en mér verður fljótlega ljóst að eitthvað annað hafði gerst. Janne kemur út úr búningsherberginu alveg hvítur í framan og vill ekki að ég fari inn. Ekkert nema blóð, segir hann þrisvar sinnum og sest svo í stigann og …

Lögreglumaðurinn þagnar, sest á stól og horfir fram fyrir sig með hálfopinn munn.

– Geturðu haldið áfram? spyr Joona.

– Já … sjúkrabíll kemur á staðinn. Svo eru borin kennsl á manninn og mér sagt að fara og láta fjölskylduna vita. Við erum fáliðaðir, þannig að ég verð að fara einn. Yfirmaðurinn, ja hún segist ekki vilja láta Janne fara eins og hann er á sig kominn og það er auðvitað skiljanlegt.

Erik lítur á klukkuna.

– Þú hefur tíma til að hlusta á þetta, segir Joona með sínum hæga finnska hreim.

– Hinn látni, heldur lögreglumaðurinn áfram niðurlútur. Hann er kennari við Menntaskólann í Tumba og býr í einu af nýju raðhúsunum uppi við ásinn. Enginn kemur til dyra. Ég hringi dyrabjöllunni margoft. Ég veit reyndar ekki hvers vegna ég ákveð að ganga kringum alla raðhúsalengjuna og lýsa með vasaljósi inn um glugga á bakhliðinni.

Lögreglumaðurinn þagnar, varirnar titra og hann skrapar stólarminn með nöglinni.

– Geturðu haldið áfram? segir Joona í biðjandi tón.

– Verð ég, því ég … ég …

– Þú fannst drenginn, mömmuna og litla stúlku, fimm ára. Drengurinn var sá eini sem enn var á lífi.

– Ég hélt samt … ég …

Hann þagnar, náfölur í framan.

– Þakka þér fyrir að koma, Erland, segir Joona.

Lögreglumaðurinn kinkar stuttlega kolli, rís á fætur, strýkur hendinni ráðvilltur yfir óhreinan jakkann og fer út.

– Þau voru öll stungin og skorin, heldur Joona áfram. Hreint brjálæði. Líkin voru mjög illa útleikin, hafði verið sparkað í þau og barið. Þau voru bæði skorin og stungin og litla stúlkan … hún var í tveimur hlutum. Neðri hluti bolsins og fæturnir lágu í stól fyrir framan sjónvarpið og …

Hann þagnar og horfir á Erik áður en hann heldur áfram:

– Svo virðist sem ódæðismaðurinn hafi vitað að faðirinn var í íþróttahúsinu, útskýrir Joona. Hann hafði verið að dæma fótboltaleik. Ódæðismaðurinn beið þangað til hann var einn eftir, myrti hann og byrjaði að hluta líkið sundur, greinilega af miklum ofsa. Síðan fór hann í raðhúsið til að drepa hin.

– Gerðist þetta í þeirri röð? spyr Erik.

– Það er mín skoðun, svarar yfirfulltrúinn.

Erik finnur hvernig höndin titrar þegar hann strýkur henni yfir munninn. Pabbinn, mamman, sonurinn og dóttirin, hugsar hann mjög hægt áður en hann lítur upp og mætir augnaráði Joona Linna.

– Ódæðismaðurinn ætlaði sér að útrýma allri fjölskyldunni, segir Erik veikri röddu.

Joona er hikandi á svipinn.

– Það er nú einmitt spurningin … Okkur vantar eitt af börnunum, stóru systurina. Hún er orðin tuttugu og þriggja ára. Við finnum hana ekki. Hún er ekki í íbúðinni sinni í Sundbyberg og ekki heima hjá kærastanum. Við teljum líklegt að ódæðismaðurinn ætli að ná henni líka. Þess vegna þurfum við að yfirheyra vitnið eins fljótt og hægt er.

– Ég skal fara inn og rannsaka hann nákvæmlega, segir Erik.

– Takk, svarar Joona og kinkar kolli.

– En við getum ekki hætt lífi sjúklingsins með því að …

– Ég skil það, grípur Joona fram í. En því lengri tími sem líður áður en við fáum einhverjar vísbendingar, þeim mun meiri tíma hefur morðinginn til að finna stóru systurina.

– Þið ættuð kannski að rannsaka morðstaðinn, segir Daniella.

– Vettvangsrannsókn er í fullum gangi, svarar hann.

– Farðu frekar og ýttu á eftir henni, segir hún.

– Hún kemur hvort eð er ekki til með að skila neinu, segir yfirfulltrúinn.

– Hvað áttu við?

– Á báðum stöðum finnum við DNA úr hundruðum einstaklinga, kannski þúsund.

Erik fer aftur inn til sjúklingsins. Hann stendur við rúmið og virðir fyrir sér fölt og sært andlitið. Andardrátturinn er veikburða og varirnar strekktar. Erik nefnir nafn hans og sársaukagretta kemur á andlitið.

– Jósef, endurtekur hann lágum rómi. Ég heiti Erik Maria Bark. Ég er læknir og ætla að rannsaka þig. Þú mátt gjarnan kinka kolli ef þú skilur það sem ég segi.

Pilturinn liggur alveg kyrr. Maginn hreyfist í takt við grunnan

andardráttinn. Samt er Erik viss um að hann hafi heyrt til sín, en meðvitundarstigið síðan lækkað og sambandið rofnað.

Þegar Erik kemur fram hálftíma síðar horfa bæði Daniella og yfirrannsóknarfulltrúinn á hann.

– Lifir hann af? spyr Joona.

– Það er of snemmt að svara því, en hann …

– Drengurinn er eina vitnið sem við höfum, grípur Joona fram í. Einhver hefur myrt föður hans, móður og litlu systur og er núna að öllum líkindum að leita uppi stóru systur hans.

– Við vitum það, svarar Daniella. En okkur finnst að lögreglan ætti kannski frekar að nýta tímann til að leita að henni en að trufla okkur í vinnunni.

– Við erum að leita, en það gengur hægt. Við verðum að fá að tala við drenginn því hann hefur að öllum líkindum séð andlit ódæðismannsins.

– Það geta liðið vikur áður en unnt verður að yfirheyra hann, segir Erik. Við getum ekki bara hrist hann til og tilkynnt honum að öll fjölskyldan sé dáin.

– En með dáleiðslu, segir Joona.

Það verður þögn í herberginu. Erik hugsar um snjókomuna úti við Brunnsvíkina þegar hann var á leiðinni hingað, hvernig snjóflyksurnar liðu niður milli trjánna í dimmt vatnið.

– Nei, hvíslar hann að sjálfum sér.

– Myndi dáleiðsla ekki virka?

– Ég veit ekkert um það, svarar Erik.

– Ég man andlit mjög vel, segir Joona og brosir breitt. Þú ert vel þekktur dávaldur. Þú gætir …

– Ég var fúskari, grípur Erik fram í.

– Það held ég ekki, segir Joona. Og þetta er neyðartilvik.

Daniella roðnar og lítur niður.

– Ég get það ekki, segir Erik.

– Það er ég sem ber ábyrgð á sjúklingnum, segir Daniella ákveðið. Og mér líst ekki á að leyfa dáleiðslu.

– En ef þú teldir að það myndi ekki valda sjúklingnum neinum skaða? spyr Joona.

Erik verður ljóst að yfirrannsóknarfulltrúinn hafði þegar í upphafi séð dáleiðsluna fyrir sér sem möguleika til að stytta sér leið. Þetta er ekki skyndileg hugdetta. Joona Linna kallaði hann ekki út vegna þess að hann er sérfræðingur í meðferð losts og áfallastreitu, heldur til að reyna að fá hann til að dáleiða sjúklinginn.

– Ég lofaði sjálfum mér því að fást aldrei framar við dáleiðslu, segir Erik.

– Ókei, ég skil, segir Joona. Mér er sagt að þú hafir verið sá besti, en ég verð auðvitað að virða ákvörðun þína.

– Mér þykir það leitt, segir Erik.

Hann lítur á sjúklinginn inn um glerið í hurðinni og snýr sér síðan að Daniellu.

– Er búið að gefa honum desmopressin?

– Nei, ég hef beðið með það, svarar hún.

– Hvers vegna?

– Vegna möguleikans á myndun blóðtappa.

– Ég hef fylgst með þessari umræðu, en ég held ekki að sú hætta sé raunveruleg. Ég gef syni mínum desmopressin reglubundið, segir Erik.

Joona rís þunglega á fætur.

– Ég væri þakklátur ef þú gætir mælt með öðrum dávaldi, segir hann.

– Við vitum ekki einu sinni hvort sjúklingurinn kemst til meðvitundar, svarar Daniella.

– En ég reikna með …

– Og hann þarf jú að vera með meðvitund til að hægt sé að dáleiða hann, bætir hún við og örlitlar brosviprur myndast við munnvikin.

– Hann hlustaði þegar Erik talaði til hans, segir Joona.

– Það held ég ekki, tautar hún.

– Við gætum bjargað systur hans, heldur Joona áfram.

– Ég fer heim núna, segir Erik lágt. Gefðu sjúklingnum desmopressin og hugleiddu jafnþrýstiklefann.

Hann fer út úr herberginu og afklæðist sloppnum meðan hann gengur áleiðis að lyftunni. Allmargt fólk er á ferli niðri í anddyrinu. Dyrnar eru opnar og himinninn orðinn örlitlu bjartari. Strax á leiðinni út af bílastæðinu teygir hann sig í litlu tréöskjuna í hanskahólfinu. Án þess að hafa augun af veginum opnar hann lokið með litríka páfagauknum og höfðingjanum, tekur upp þrjár töflur og kyngir þeim. Hann þyrfti helst að ná svo sem tveggja tíma svefni áður en hann vekur Benjamín og gefur honum sprautuna sína.

FÓLKIÐ Á BAK VIÐ BÓKINA

Það varð heilmikið fjaðrafok í Svíþjóð í kringum skáldanafnið Lars Kepler þegar *Dávaldurinn* kom út – enda vakti bókin gríðarlega athygli. Fljótlega kom þó í ljós að á bak við nafnið voru tveir nokkuð þekktir sænskir höfundar, hjónin Alexandra og Alexander Ahndoril. Þau hafa síðan gengist við því að nafnið Lars sé til heiðurs Stieg Larsson og hafa ófáir borið saman verk Larssons og skrif þeirra. Alexandra Ahndoril er uppalin í Helsingjaborg og er meðal annars þekkt fyrir að skrifa bókmenntarýni. Hún hefur gefið út þrjár skáldsögur, þá fyrstu árið 2003. Allar fjalla þær um þemu sem tengjast vísindum, trúmálum og pólitík. Alexander Ahndoril lærði kvikmyndafræði, heimspeki og trúarbragðafræði í Stokkhólmi. Hann hefur þegar gefið út átta skáldsögur og samið fimmtán leikrit. Þau hjónin eiga þrjár dætur.

Næsta bók þeirra, *Paganinikontraktet*, kemur út í Svíþjóð innan skamms.

„Lars Kepler fangar lesandann með Dávaldinum, rétt eins og Stieg Larsson gerði með Millenniumbókunum ... einhver besta glæpasaga sem ég hef fórnað góðum nætursvefni fyrir.“

NÖRRKÖPINGSTIDNINGAR

„Vel skrifaður krimmi, fullur af góðum sögum ... plottið útsmogið og andstyggilegt.“

BRYNDÍS SÍMONARDÓTTIR / MIDJAN.IS

„Það eru engar pásur í Dávaldinum. Sagan æðir áfram á methraða.“

TIDNINGEN KULTUREN

Hvað er blátt og smátt?

Iðunn gefur út nýju Strumpabækurnar. Strumpandi fínar sögu- og þrautabækur!



IÐUNN
www.forlagid.is

Strumpaðu þær allar!